Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ulf Jónsson

Bjarni Benediktsson – Ulf Jónsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ljósafoss 17/10-1945.

Kæri Bjarni!
Í framhaldi af viðræðum okkar um daginn vildi jeg minnast á eftirfarandi atriði, þó jeg hefði helst kosið að geta rætt þetta mál við þig, að Ágúst Guðm. viðstöddum og vildi ekkert heldur, ef slíkum fundi yrði á komið fljótlega, austanfjalls eða vestan.

Skemmst af að segja er þetta ástand „eftirlitið“ hans Á.G orðið með öllu óviðunandi. Það er í huga hans ekki orðið aðalatriðið hvernig afkoman er, hvernig mjer og mínum ~~hvernig~~ vegnar, heldur hitt að geta áfram um ófyrirsjáanlegan tíma haldið áfram að stjórna yfir mjer, halda áfram að liggja í símanum og spyrja menn og fyrirtæki, hversu mikil úttekt mín sje og að senda reikninga til sín, láta mig ekki taka meira út en svo og svo mikið; í einu orði sagt, reka svo markvissan áróður gegn mjer, að mennirnir sem í hlut eiga eru alveg undrandi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annaðhvort er þessi matur eitthvað skrítinn eða Ulf er alveg dómadags-ræfill sem liggur í óreglu meðan Ág. reynir að sjá um heimilið. Hann er búinn að koma málum svo fyrir að jeg stend alveg varnarlaus gagnvart t.d. verzlunum, sem jeg hefi verslað við. Jeg fæ aldrei, hefi aldrei fengið að borga t.d. Guðjóni Jónssyni eða Kaupfjelagi Árnesinga einn einasta eyri; jeg hefi miklu verri aðstöðu til að mótmæla skökkum eða tvíteknum reikningum, þegar hann bara borgar af og til, og stundum lætur það dragast of lengi, einhverja upphæð inn á reikning, án þess að fá nokkra nótur, eða neitt sem sannar hvað verið er að borga.

Honum finnst það persónulegur ósigur fyrir sig, ef hann verður að hætta þessu, en þetta er ekkert nema hrígum og ófrelsi, sem er alveg óþolandi svona ár eftir ár. Jeg fæ ekki sjeð, hvað mæli í móti því, að með mig yrði farið, þó ~~ao~~ ekki nema

Hvort Ág. hefir verið það áhugamál í fyrstu, skal jeg ekkert um segja, get vel trúað því, en hitt veit jeg líka að nú orðið er honum aðeins áhugamál að halda mjer í nokkurskonar ánauð.

Að lokum þetta: Jeg fæ ekki sjeð, að mikil áhætta sje, frá þínu sjónarmiði, sem vilt mjer og mínum vel, við það að reyna þetta. Það hefir ekki verið reynt frá því jeg byrjaði hjer fyrir sex árum. Það er alltaf hægt að stoppa aftur, það er hægt að reka mig ef jeg vanrækti starfið, það má svifta mig lögræði (eins og Vilhjálm frá Skáholti, sá jeg í Lögb. nýlega) en það er ekki hægt að hafa mig lengur undir handarjaðrinum og „forsjóninni" hans Ág. Guðm. Virðist heldur ekki vanþörf á að hann beini eftirliti sínu þangað sem þess væri þörf, en eyði minni tíma í að forklúðra mínum málum.

Allt sem á undan segir, er jeg að sjálfsögðu fús að ræða við Ágúst í þinni viðurvist, en helst ekki öðruvísi, rifrildi okkar á milli er þýðingarlaust, hann strax æstur og orðljótur

nokkurn reynslutíma, eins og aðra menn, frjálsa menn. Jeg þarf ekki að lýsa því fyrir þjer, að það fyrirfinnst náttúrlega enginn löglegur grundvöllur fyrir slíku fyrirkomulagi, sem nú hefir ríkt. Maðurinn hefir enga heimild til að taka við mínu kaupi hjá gjaldkeranum, heimta að jeg kvitti fyrir því, án þess jeg fái nokkurn aur eða skilríki, enda er jeg staðráðinn í að hætta því. Ef eitthvert slys eða annað kæmi fyrir hann, ~~og~~ svo hann fjelli skyndilega frá, hvar stend jeg þá, ef hann er t.d. eins og hefir komið fyrir með á annað þúsund kr. af mínum peningum í vasanum? Á jeg að bíða þangað til dánarbúið er gert upp; engin skilríki hefi jeg í höndunum fyrir neinu. Þú sjerð sjálfur að þetta er og verður ómögulegt.

Jeg fer ekki fram á annað en það að reynt verði um nokkurn tíma að fá mjer mitt kaup, hvort heldur vikukaup eða mánaðarkaup og sjá hvort mjer er það ekki alvara og kappsmál að bæta mína afkomu og minnar fjölskyldu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg efast ekki um að Á. G. reyni á allan hátt að spilla fyrir mjer, ef þú ræðir þetta við hann, en varlega má trúa sumum orðum hans, því væri „þriveldaráðstefna“ betri og mun jeg ekki afsaka mig að óþörfu, og mun ekki og hefi ekki í þessu brjefi sagt annað en það sem satt er og hægt að standa við.

Mjer þykir fyrir því að verða að þreyta þig með þessu, en við því er ekki að gera, það verður að reyna annað.

Með vinsemd og virðingu
þinn

Ulf Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur